



SKÓLANÁMSKRÁ 2023



Leikskólinn Tröllaborg



Leikum saman og lærum
2023

Efnisyfirlit

Formáli.....	7
Inngangur	8
1. Leikskólinn Tröllaborg.....	8
1.1. Merki leikskólans	9
1.2. Barnaborg skipta út mynd.....	9
1.3. Brúsabær.....	10
2. Hagnýtar upplýsingar.....	10
2.1. Opnunartími Tröllaborgar	11
3. Ytri aðstæður.....	11
3.1. Skipurit leikskóla í Skagafirði.....	11
3.2. Fjölskyldusvið.....	11
3.3. Fræðsluþjónusta	12
3.4. Stoðþjónusta	13
3.5. Teymi barna	13
4. Stefna sveitarfélagsins	14
4.1. Skólastefna Tröllaborgar	14
4.2. Starfsmannastefna	15
4.3. Símenntunaráætlun.....	15
4.4. Jafnréttisstefna Tröllaborgar	16
4.5. Stefna og viðbragðsáætlun Skagafjarðar.....	16
4.6. Áfallaáætlun.....	16
4.7. Móttaka nýbúa.....	17
5. Námskrá	17
5.1. Forsendur skólanámskrár.....	17

5.2.	Lög um leikskóla	17
5.3.	Reglugerð um leikskóla	18
5.4.	Aðalnámskrá leikskóla	18
5.5.	Skólanámskrá.....	18
5.6.	Hlutverk leikskóla	19
5.7.	Leikskólastjóri – faglegur leiðtogi	19
5.8.	Hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks	19
6.	Almenn menntun – grunnþættir menntunar	20
6.1.	Grunnþættir menntunar	20
6.2.	Læsi	21
6.3.	Sjálfbærni	21
6.4.	Lýðræði og mannréttindi	22
6.5.	Jafnrétti	22
6.6.	Heilbrigði og velferð	22
6.7.	Sköpun	23
7.	Áhersluatriði Tröllaborgar	24
7.1.	Leikur.....	24
7.2.	Heilsueflandi leikskóli	25
7.3.	Umhverfismennt	25
7.4.	Lestur – Lestur er börnum bestur.....	26
7.5.	Stærðfræði	27
7.6.	Félagsleg færni - lífsleikni	28
7.7.	SMT - skólafærni.....	28
7.8.	Skapandi starf	29
8.	Leikur og nám.....	30

8.1.	Námsáætlun.....	31
8.2.	Frjáls leikur.....	31
8.3.	Umhverfismennt	32
8.4.	Heilsueflandi leikskóli	33
8.5.	Félagsleg færni – lífsleikni	34
8.6.	Vinátta - Blær.....	34
8.7.	Námskrá fyrir 2. ára	36
8.7.1	Læsi.....	36
8.7.2	Sköpun	36
8.7.3	Stærðfræði.....	37
8.8.	Námskrá fyrir 3. ára	37
8.8.1	Læsi.....	37
8.8.2	Sköpun	38
8.8.3	Stærðfræði.....	38
8.9.	Námskrá fyrir 4. ára	39
8.9.1	Læsi.....	39
8.9.2	Sköpun	40
8.9.3	Stærðfræði.....	40
8.10.	Námskrá fyrir 5. ára	41
8.10.1	Læsi.....	41
8.10.2	Sköpun.....	42
8.10.3	Stærðfræði	42
9.	Daglegt starf.....	43
9.1.	Dagskipulag Tröllaborgar.....	43
9.2.	Að koma og fara	44
9.3.	Fataherbergi.....	44
9.4.	Matmálstímar	45
9.5.	Hvíld	46

9.6.	Hreinlæti.....	46
9.7.	Umgengni við efnivið.....	47
9.8.	Samverustundir	48
9.9.	Hópastarf.....	48
9.10.	Útivera	49
9.11.	Útikennsla/Vettvangsferðir	50
9.12.	Hreyfing	51
10.	Þroski og framfarir.....	52
10.1.	Tras.....	52
10.2.	Gerd Strand	52
10.3.	Hljóm-2	53
10.4.	Íslenski þroskalistinn/smábarnalistinn	53
10.5.	Ferilbók – Vörður á leið til læsis	53
10.6.	AAL.....	54
10.7.	Stuðningur í námi	54
11.	Samstarf við Grunnskólann austan Vatna	55
11.1.	Fimm ára börnin og grunnskólinn.....	55
11.2.	Samstarf og samvinna í námi og kennslu	56
11.3.	Samráðsfundir við skólaskipti	56
11.4.	Sameiginlegir viðburðir.....	57
12.	Foreldrasamstarf	58
12.1.	Aðlögun nýrra barna.....	59
12.2.	Trúnaður og tilkynningarskylda	59
12.3.	Foreldraráð	60
12.4.	Foreldrafélag	60

12.5.	Dagleg samskipti	60
12.6.	Fjarvistir og veikindi	61
12.7.	Haustfundir með foreldrum	61
12.8.	Foreldraviðtöl	61
12.9.	Mat foreldra	61
13.	Mat á starfinu	62
13.1.	Innra mat	62
13.2.	Skólapúlsinn.....	63
13.3.	Ytra mat	63
14.	Stjórnun.....	63
14.1.	Hlutverk leikskólastjóra	64
14.2.	Hlutverk staðgengils leikskólastjóra.....	64
14.3.	Hlutverk deildarstjóra	65
14.4.	Fundir	65
14.5.	Boðleiðir	65
14.6.	Samstarf.....	66
14.7.	Verkaskipting og ábyrgðarsvið	66
14.8.	Starfsmannasamtöl	67
15.	Öryggismál	67
15.1.	Slys	67
15.2.	Áfallahjálþ.....	68
15.3.	Brunavarnir.....	68
15.4.	Eftirlit með öryggispáttum.....	68
15.5.	Öryggi barna í bíl	68
15.6.	Öryggisáætlanir Tröllaborgar	69

Formáli

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út nýja Aðalnámskrá leikskóla 2011. Með nýrri aðalnámskrá urðu umfangsmiklar breytingar sem voru í takt við nýja menntastefnu. Námsþáttunum fækkaði úr sex í fjóra og lögð er áhersla á grunnþætti menntunar. Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og eru leiðarljós við námskrárgerðina. Vinna við skólanámskrána hófst haustið 2012. Boðið var upp á fyrirlestur fyrir alla á fræðsludegi og einnig tvo fyrirlestra fyrir 2 fulltrúa frá hverjum skóla. Haustið 2013 hófst samvinna milli Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna. Allir starfsmenn beggja skólastiga komu saman. Skipt var í hópa þar sem blandað var saman starfsmönnum frá báðum skólastigum. Hver hópur fékk einn grunnþátt og gerði stutta samantekt um hvað grunnþátturinn fjallaði.

Síðan var fundur með foreldrum þar sem fór fram stutt kynning á grunnþáttunum. Eftir það var skipt í hópa og voru 2 starfsmenn skólanna í hverjum hópi einn frá hvoru skólastigi. Starfsmennirnir voru ritarar og skráðu niðurstöður þ.e. hvað erum við að gera vel og hvað getum við gert betur.

Bæði skólastigin fengu svo niðurstöðurnar og unnið var áfram með þær á hvoru skólastigi fyrir sig.

Lögð var áhersla á að tengja grunnþættina stefnu og áherslum leikskólans eins og t.d. kubbaleiki, listsköpun og útikennslu svo eitthvað sé nefnt. Þar reynir meðal annars sköpun, lýðræði og læsi í víðum skilningi.

Skólanámskráin er leiðarvísir skólans og þarf því að vera í sífelldri þróun og taka mið af þeim breytingum sem ríkja í samfélaginu og í takt við stefnu leikskólans og ávallt með hagsmuni barnanna í fyrirrúmi.

Fyrir hönd starfsfólks Tröllaborgar sem vann þessa skólanámskrá,

Jóhanna Sveinbj. Traustadóttir leikskólustjóri

Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsparfir barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Leikskólinn er fyrsta skólastigið. Hver leikskóli gefur út sína eigin skólanámskrá sem byggir á *Aðalnámskrá leikskóla* og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Aðalnámskrá leikskóla byggir á *Lögum um leikskóla nr. 90/2008*. Aðalnámskráin er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hlutverk aðalnámskrárinnar er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfsins.

Aðalnámskráin er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Aðalnámskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrárgerðar.

Skólanámskráin tekur mið af sérstöðu leikskólans og skólastefnu Skagafjarðar. Skólanámskráin er lifandi plagg sem er í stanslausri endurskoðun eftir því sem starfsemin þróast.

Á hverju hausti er gefin út sérstök starfsáætlun sem gerir grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans. Tengsl milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytingar á skólanámskrá leikskólans.

Skólanámskráin er prentuð út í þremur eintökum eitt fyrir hvora deild og eitt eintak fyrir fræðsluskrifstofu. Einnig er skólanámskráin aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

1. Leikskólinn Tröllaborg

Leikskólinn Tröllaborg er tveggja deilda leikskóli starfræktur á tveimur starfstöðvum; á Hólum í Hjaltadal og Hofsósi. Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana austan Vatna sem þá voru þrír á Hólum, Hofsósi og í Fljótum og ráða einn leikskólastjóra. Leikskólinn fékk nafnið Tröllaborg.

Hver deild hélt þó sínum séreinkennum og sínu nafni. Vorið 2014 lagðist niður leikskóladeildin í Fljótum.

Kjörorð Tröllaborgar er:

Leikum saman og lærum.

1.1. Merki leikskólans



Leikskólinn Tröllaborg

Þegar leikskólarnir voru sameinaðir var ákveðið að búa til merki leikskólans sem höfðaði á einhvern hátt til allra deildanna. Tekinn var hluti úr nafni hverrar deildar. Húsið stendur fyrir seinni hlutann í Barnaborg, bangsinn fyrir fyrrihlutann í Bangsabæ og brúsinn fyrir fyrrihlutann Brúsabæ. Hönnuður að merkinu var Anna Árnína Stefánsdóttir.

1.2. Barnaborg skipta út mynd

Tröllaborg á Hofsósi, áður Leikskólinn Barnaborg, var stofnaður árið 1981 af foreldrum leikskólabarna. Hofsóshreppur útvegaði húsnæði en foreldrar sáu um reksturinn fyrstu tvö árin. Þá tók Hofsóshreppur við rekstrinum þar til að Sveitarfélagið Skagafjörður tók við eftir sameiningu hreppanna árið 1999. Árið 1982 var húsnæðið við Suðurbraut 7 á Hofsósi tekið á leigu. Ári seinna keypti Hofsóshreppur húseignina og var leikskólinn þar út apríl 2017. Þegar leikskólinn opnaði eftir sumarfrí haustið 2016 var megn myglulykt í húsinu og kom þá í ljós að verulegur myglusveppur var í þaki hússins. Hafist var handa við að finna leikskólanum annað húsnæði og 1. maí 2017 flutti leikskólinn í Túngötu 10 og kaupir sveitarfélagið það ári síðar. Þann 22. desember 2021 flutti leikskólinn inn í nýja 20 barna byggingu við Skólagötu 4 og tengt grunnskólanum.



1.3. Brúsabær

Tröllaborg á Hólum, áður Leikskólinn Brúsabær, hóf starfsemi sína haustið 1985. Leikskólinn var rekinn af foreldrum fyrstu árin en þá tók Hólahreppur við rekstrinum og kom Viðvíkurhreppur þar inn að hluta. Börnum á svæðinu fjölgaði ört og árið 1998 var ákveðið að Hóla- og Viðvíkurhreppur myndu standa saman að nýrri leikskólabyggingu. Ákveðið var að byggja við



grunnskóla staðarins og samnýta mötuneyti og efla samvinnu við grunnskólann. Í janúar 1999 flutti leikskólinn í nýja húsnæðið sem er 112 m². Breytingar voru gerðar á grunnskólahúsnæðinu árið 2008 og rýmkað um fyrir leikskólanum. Þar er nú

skrifstofa leikskólastjóra, fundarherbergi, undirbúningsaðstaða fyrir starfsmenn og hvíld yfir börnin. Leikskólinn nýtir stofu 4 og leikloftið er nú geymsla. Mötuneytið er samnýtt með grunnskólanum.

2. Hagnýtar upplýsingar

Heimilisföng og símanúmer

- Tröllaborg Hólum, 551 Sauðárkrókur
Sími: 453-5760
- Tröllaborg Hofsósi, Skólagata 4, 565 Hofsós
Sími: 453-7333 **Leikskólastjóri:**
- Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir
Sími: 696-3869
Netfang: trollaborg@skagafjordur.is

Staðgengill leikskólastjóra

- Eyrún Berta Guðmundsdóttir
Netfang: eyrunberta@skagafjordur.is

Deildarstjórar:

- Ásrún Leósdóttir, Barnaborg Hofsósi
Netfang: asrunleos@skagafjordur.is
- Christine Hellwig, Brúsabæ Hólum

Netfang: christineh@skagafjordur.is

Heimasíða Tröllaborgar: <http://trollaborg.skagafjordur.is>

2.1. Opnunartími Tröllaborgar

Leikskólinn Tröllaborg er tveggja deilda leikskóli starfræktur í tveimur byggðalögum. Opnunartíminn er mismunandi eftir deildum og ræðst það að hluta til af notkunarþörf.

Á Hofsósi er opnunartíminn:

- Frá kl. 08:00 til kl. 16:00 alla daga.


Á Hólum er opnunartíminn:

- Frá kl. 07:45 til kl. 16:00 alla virka daga vikunnar.

Viðtalstímar leikskólastjóra og deildarstjóra eru eftir samkomulagi.

3. Ytri aðstæður

3.1. Skipurit leikskóla í Skagafirði



3.2. Fjölskyldusvið

Fjölskyldusvið Skagafjarðar veitir heildstæða, sveigjanlega þjónustu þar sem þarfir íbúa eru í fyrirrúmi.

Leiðarljós fjölskyldusviðs er meðal annars að:

- hafa ávalt hæft, metnaðarfullt starfsfólk með breiða fagþekkingu
- hlusta eftir þörfum einstaklinga og veita viðeigandi úrlausn
- hafa upplýsingar um þjónustu sýnlegar og aðgengilegar
- boðleiðir milli starfsmanna séu skýrar
- styrkja þverfaglegt samstarf á milli stofnana og sérfræðinga við úrlausn mála
- nýta mannauðinn þvert á stofnanir
- hafa forystu í jákvæðri samfélagsþróun innan héraðs sem utan og leggja áherslu á að allir íbúar sveitarfélagsins upplifi sig sem hluta af einni heild.

3.3. Fræðsluþjónusta

Fræðsluþjónusta er ein af stoðum fjölskyldusviðs en heyrir undir fræðslunefnd sem hefur lagalegu hlutverki að gegna gagnvart skólum í Skagafirði. Starfsmenn fræðsluþjónustu starfa að verkefnum leikskóla skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Helstu verkefni starfsmanna fræðsluþjónustu er að:

- sinna stjórnarsýslu sem við kemur fræðslumálum og tryggja eðlilegt upplýsingastreymi á milli aðila
- veita sérfræðiþjónustu við leik-, grunn- og tónlistarskóla í samræmi við lög og skólaþjónustu eins og hún best gerist
- skipuleggja og styðja við fræðslu fyrir skólafólk og foreldra
- stuðla að þróun og umbótum í skólastarfi.

Fræðsluþjónustan annast ytra mat á skólastarfi og heldur utan um upplýsingar um skólastarf.

Starfsmenn fræðsluþjónustu eru: sviðsstjóri, fræðslustjóri, sérfræðingur á fjölskyldusviði, talmeinafræðingur, sálfræðingur og verkefnastjóri.

3.4. Stoðþjónusta

Á fræðsluskrifstofu eru starfandi sérfræðingar þ.e. talmeinafræðingur, sálfræðingur, uppeldis- og fjölskylduráðgjafi og ráðgjafarþroskaþjálfari.

Ráðgjafar fræðsluþjónustu aðstoða meðal annars við:

- að greina og leita úrræða vegna málþroskavanda
- námsvanda, hegðunarvanda og tilfinningavanda leik- og grunnskólanemenda
- skipulagningu fræðslufunda og námskeiða fyrir skólafólk, foreldrafélög, þróunarstarf skóla og aðra áætlunargerð.

Aldrei er hafist handa við einstaklingsgreiningu nema fyrir liggja skriflegt samþykki foreldra.

3.5. Teymi barna

Teymi barna er samstarfsverkefni Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og fjölskyldusviðs Skagafjarðar. Í teyminu sitja heilsugæslulæknir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir, þroskaþjálfari og talmeinafræðingur. Einnig er leitað til annarra sérfræðinga eftir þörfum s.s. sálfræðings, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara. Teymið hefur það að markmiði að hafa yfirsýn yfir og samræma starfsemi þjónustustofnana í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Allar tilvísanir frá leikskólanum fara í teymi barna þar sem farið er yfir tilvísunina og vísað áfram til þess sérfræðings sem best getur aðstoðað við úrlausn málsins.

4. Stefna sveitarfélagsins

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti í júní 2008 heildstæða skólastefnu fyrir skóla sveitarfélagsins. Skólastefnan er rammi utan um hlutverk, sýn, markmið og leiðir í skólastarfi og er sameiginleg fyrir leik- grunn- og tónlistarskóla. Skólastefnan leggur áherslu á að samþætta starf mismunandi skólastiga og skólagerða þar sem ákveðin grunngildi eru sameiginleg öllum.

Skólastefnuna má lesa [hér](#).

4.1. Skólastefna Tröllaborgar

Samkvæmt *lögum um leikskóla nr. 90/2008* er leikskólinn fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Í leikskólanum skal velferð og hagar barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Leikskólinn skal veita börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla beri að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttafýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Leikskólar skulu meðal annars fylgjast með alhliða þroska barna, stuðla að eðlilegri færni í íslensku og efla víðsýni barna. Leikskólar skulu leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.

Á lögum þessum og skólastefnu Skagafjarðar byggist skólastefna Tröllaborgar. Ný Aðalnámskrá leikskóla kom út 2011 og í henni má lesa um þann ramma og aðbúnað fyrir nám og kennslu sem mótast hefur í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga. Innan rammans hafa verið þróaðir sex grunnþættir sem mynda kjarna menntastefnunnar.

Grunnþættirnir eru:

- læsi.
- sjálfbærni.
- heilbrigði og velferð.

- *lýðræði og mannréttindi.*
- *jafnrétti.*
- *sköpun.*

Allir grunnþættirnir fléttast inn í og eru samofnir öllu starfi Tröllaborgar.

Í Tröllaborg er lögð áhersla á að:

- leikskólinn sé hlýr og notalegur vinnustaður.
- öllum líði vel bæði í leik og starfi.
- foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann.
- horft sé til jákvæðrar hegðunar.
- öll samskipti séu jákvæð og örvi einstaklinginn til dáða.

4.2. Starfsmannastefna

Í Tröllaborg er unnið samkvæmt starfsmannastefnu Skagafjarðar og í samræmi við hana leggur leikskólinn sig fram um að:

- hafa ávallt vel menntað starfsfólk.
- starfsfólki sé gefið kostur á endurmenntun við hæfi.
- starfsfólk taki þátt í stefnumörkun leikskólans.
- í skólanum ríki góður starfsandi.
- hver og einn starfsmaður fái tækifæri til að fást við það sem hann kann best.
- vanda móttöku nýs starfsfólks.
- starfsfólk sé meðvitað um að öll störf eru mikilvæg.
- allir vinni vel saman og virði hvern annan.
- starfsmannasamtöl fari fram að lágmarki einu sinni á ári.

Starfsmannastefnu Skagafjarðar er að finna [hér](#).

4.3. Símenntunaráætlun

Endurmenntun er unnin út frá áherslum leikskólans og óskum starfsfólks.



Starfsfólk er hvatt til að vera vakandi fyrir fræðslu sem getur nýst þeim í starfi og koma með

tillögur/óskir um námskeið fyrir sig eða allan starfsmannahópinn. Einnig er starfsfólk hvatt til að fara á námskeið og ráðstefnur á vegum leikskólans. Auk þess getur starfsfólk sótt um að fara á námskeið og ráðstefnur á eigin vegum sem þeir telja að nýtist þeim í starfi. Leikskólinn stendur fyrir reglulegum fræðslufundum, námskeiðum og skólaheimsóknum. Framhaldsnám í fjarnámi er styrkt með því að hliðra til fyrir starfsfólk þegar staðarlotur eru.

4.4. Jafnréttisstefna Tröllaborgar

Í samræmi við [jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar](#) hefur Tröllaborg gert jafnréttistefnu fyrir leikskólann sem hægt er að lesa [hér](#).

Skagafjörður uppfærði jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun sveitarfélagsins árið 2023. Í henni er ætlast til að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar á öllum stigum ákvarðanatöku og samþætt inn í alla starfsemi sveitarfélagsins eins og jafnréttislög gera ráð fyrir.

4.5. Stefna og viðbragðsáætlun Skagafjarðar

Við í Tröllaborg líðum ekki einelti, ofbeldi, kynferðisleg og kynbundið áreitni og leitum allra leiða til að uppræta það.

Skagafjörður uppfærði stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni í lok árs 2022. Áætlun gegn einelti fyrir Tröllaborg, var unnin upp úr henni og hægt að lesa um hana [hér](#).

4.6. Áfallaáætlun

Fólk getur orðið fyrir áföllum af ýmsum orsökum s.s. vegna slyss, sjúkdóms, andláts eða náttúruhamfara. Bæði börn og fullorðnir geta upplifað andlega og líkamlega vanlíðan í kjölfar atburðarins auk sjúkdóma og langvarandi sálrænna áhrifa. Mikilvægt er að allt starfsfólk leikskólans sýni viðkomandi nærgætni og tillitsemi og beri virðingu fyrir tilfinningum hvers og eins. Leikskólinn hefur gert áfallaáætlun sem hægt er að lesa [hér](#).

4.7. Móttaka nýbúa

Þegar fjölskylda með annað tungumál en íslensku flytur á staðinn og sækir um leikskólapláss fer í gang eftirfarandi áætlun, sjá [hér](#):

- foreldrar eru boðaðir í viðtal og túlkur fenginn með (oftast í gegnum fjarfundarbúnað) ef viðkomandi talar hvorki ensku né annað tungumál sem starfsfólk leikskólans hefur á valdi sínu.
- foreldrar fá upplýsingar um aðlögun barnsins.
- foreldrar fá upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- ef þess er kostur þá eru bréf send út á því tungumáli sem foreldrar tala. Ef ekki þá er fenginn túlkur til að þýða bréfin.
- barnið fær sérstakan stuðning við að ná tökum á íslenskunni.
-

5. Námskrá

5.1. Forsendur skólanámskrár

Ný Aðalnámskrá leikskóla gefin út af menntamálaráðuneytinu, leit dagsins ljós árið 2011 og er gerð á grundvelli *13.gr laga um leikskóla, nr. 90/2008*. Aðalnámskráin er leiðarvísir fyrir leikskólastarfið. Aðalnámskráin er ígildi reglugerðar og í henni er kveðið nánar á um hlutverk leikskóla um menntun, uppeldi og umönnun í leikskóla.

Í aðalnámskránni kemur fram að hver og einn leikskóli skuli semja sína eigin skólanámskrá. Í skólanámskránni eiga helstu áhersluatriði í starfsháttum og uppeldissýn leikskólans að koma fram, auk þeirra séreinkenna sem leikskólinn býr yfir.

5.2. Lög um leikskóla

Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla, reglugerð um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Sveitarfélög bera meginábyrgð á rekstri leikskólanna en Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og sér um að fram fari mat á leikskólastarfi. Leikskólinn er fyrsti skóli barnsins,

fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Hér má nálgast lögin: [Lög um leikskóla nr. 90/2008](#)

5.3. Reglugerð um leikskóla

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 655/2009 fjallar um þá þætti í rekstri leikskóla sem eru grunnforsendur þess að uppeldismarkmiðunum verði náð. [Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 655/2009](#)

5.4. Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskráin er rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum. Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum, opinberum stofnunum og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Aðalnámskrá birtir menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur. Skólum og starfsfólki þess ber að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs. Aðalnámskráin á að tryggja börnum og ungmennum góðar aðstæður til náms og er helsta stjórnþæki fræðsluyfirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu skólastarfs. Hér má sjá [Aðalnámskrá leikskóla](#).

5.5. Skólanámskrá

Skólanámskrá Tröllaborgar er yfirlýsing um þá hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar í starfi leikskólans. Hún byggir á því sem samfélagið telur mikilvert og því úr menningararfinum sem talið er mikilvægt að komið sé áleiðis til næstu kynslóðar.

Skólanámskráin:

- gerir leikskólastarfið sýnilegra.
- veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla.
- veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið.
- gerir leikskólastarfið markvissara og auðveldara.

- gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því.
- gerir nýliðum auðveldara að komast inn í starfið.
- auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.

5.6. Hlutverk leikskóla

Leikskólinn er fyrir börn upp að skólaskyldualdri. Lög um leik- og grunnskóla heimila þó að börn ljúki leikskólanámi og hefji grunnskólanám fyrr eða síðar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í leikskólanámi er lögð áhersla á skapandi starf og leik barnsins og er leikur þungamiðja leikskólastarfsins sem helsta náms- og þroskaleið barnsins. Í leikskóla er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem grunnþættir menntunar og námsviðin fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins

5.7. Leikskólastjóri – faglegur leiðtogi

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og gegnir lykilhlutverki í þróun leikskólastarfsins. Hann leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans. Hann stuðlar að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. Einnig ber hann ábyrgð á að mótuð sé heildarstefna í uppeldis- og menntunarmálum leikskólans og sér til þess að áætlanir séu gerðar.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að það fari fram reglulegt innra mat á starfi leikskólans og að niðurstöður séu notaðar til úrbóta í þágu starfsins. Honum ber að sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun.

5.8. Hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks

Leikskólakennari á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum. Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Honum ber að sjá til þess að

hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skiplagt á þann veg að börnin fái notið bernsku sinnar.

6. Almenn menntun – grunnþættir menntunar

Skilgreining á almennri menntun er ekki einhlít. Hún er bundin við stund og stað og jafnvel einstaklinginn.

Almenn menntun stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs líf og efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum. Hún er í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Skólakerfið er mikilvægasti grundvöllur þess að samfélagið tryggi almenna menntun. Því er eðlilegt að skýra grunnþætti menntunar í aðalnámskrá og tengja þá meginsviðum þekkingar og leikni sem einstaklingum standa til boða í skólunum. Skilgreining á grunnþáttum er tilraun til að kortleggja þau meginsvið almennrar menntunar sem skólastarfið stefni að.

Í [Aðalnámskrá leikskóla](#) er hægt að lesa nánar um almenna menntun.

6.1. Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru sex og eru leiðarljós við námskrárgerð.

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti, sköpun.

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag og eiga að vera sýnilegir í öllu skólastarfi. Grunnþættir menntunar eru settir fram sem sex þættir en þeir tengjast þó

innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Þótt grunnþættirnir séu samtvinnaðir hefur hver þeirra sín sérkenni. Í [Aðalnámskrá leikskóla](#) er hægt að lesa nánar um grunnþætti menntunnar.

6.2. Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Læsi snýst fyrst og fremst um kerfisbundin tákni, miðlunartækni og sköpun merkingar. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Lesa má nánar um læsi [hér](#).

Í Tröllaborg er læsi samtvinnað öllu starfi leikskólans. Við lærum að lesa umhverfi okkar bera virðingu fyrir því. Einnig lærum við að lesa tilfinningar hvor annars og taka tillit til hvers og eins. Ritmál er notað í öllu starfi þ.e. orð sett á hluti, lesið reglulega fyrir börnin, opið bókasafn og börnin hvött til að segja og skrifa sínar eigin sögur. Þegar við förum í gönguferðir æfum við okkur í að lesa skilti og lesa atburði í umhverfinu s.s. hlusta á fuglasöng og fleira.

6.3. Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Þannig þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfsgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið. Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf, að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Lesa má nánar um sjálfbærni [hér](#).

Í Tröllaborg mikil áhersla lögð á útikennslu þar sem börnin læra á umhverfi sitt og að bera virðingu fyrir náttúrunni. Við notum mikið af endurvinnanlegum efnivið bæði í leik og til myndsköpunar.

6.4. Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Skólar þurfa að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggja skóla engu síður en samstarf í skólanum. Lögð er áhersla á að lýðræðislegir skólar taki þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag. Lesa má nánar um lýðræði og mannréttindi [hér](#). **Í Tröllaborg** eru börnin saman á deild frá 1 árs til 6 ára og læra að umgangast hvert annað og virða þroskamun hvers og eins. Eldri börnin læra fljótt að taka tillit til yngri barnanna og yngri börnin læra af þeim eldri. Mikið samstarf er milli Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna.

6.5. Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta s.s. aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu. Lesa má nánar um jafnrétti [hér](#).

Í Tröllaborg eru allir hvattir til að tjá sig og hlusta á aðra. Börn með annað tungumál en íslensku fá stuðning. Kennarar nýta sér ýmsar kennsluáðferðir til að koma til móts við hvern og einn.

6.6. Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Mikilvægt er að skólinn

taki mið af þörfum allra barna á einstaklingsbundinn hátt. Allir þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Það þarf að vinna náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu því að slík samvinna er forsenda þess að góður árangur náist. Lesa má nánar um heilbrigði og velferð [hér](#).

Í Tröllaborg fléttast heilbrigði og velferð inn í allt starf leikskólans. Við erum með skipulagðar hreyfistundir einu sinni í viku. Boðið er upp á hollan og fjölbreyttan matseðil og börnin eru hvött til að smakka allt. Jafnvægi er á milli inni- og útiveru. Við vinnum með *SMT* þar sem horft er á jákvæða hegðun með það að markmiði að öllum líði vel. Einnig vinnum við með námsefnið *Vináttu* sem er forvarnarverkefni gegn einelti og er gefið út af Barnaheillum. Í *Vináttu* er lögð áhersla á að enginn sé skilinn útundan, hve vináttan er mikils virði og að bera virðingu fyrir því að það eru ekki allir eins.

6.7. Sköpun

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess. Lesa má nánar um sköpun [hér](#). **Í Tröllaborg** er sköpun stór hluti af starfinu. Efniviður í listherbergi er aðgengilegur og geta börnin skapað ýmis verk að eigin vali og undir handleiðslu starfsfólks. Tónlist er aðgengileg og geta börnin hafa tækifæri til að hlusta eða hreyfi sig í takt við tónlistina. Auk þess að skapa í listaherbergi gefst þeim kostur á að skapa og þróa leik sinn t.d. hlutverkaleiki og kubbaleiki.

Tónlist er aðgengileg og börnin hafa tækifæri til að hlusta eða hreyfi sig í takt við tónlistina. Einnig er börnunum gefinn nægur tími til að skapa og þróa leik sinn t.d. eins og hlutverkaleiki og kubbaleiki.

7. Áhersluatriði Tröllaborgar

Í Tröllaborg er unnið eftir Aðalnámskrá leikskóla. Aðaláhersla er lögð á leikinn, umhverfismennt, félagslega færni, lestarhvetjandi umhverfi og skapandi starf. Kenningar Deweys og Vygotskys eru notaðar til grundvallar í starfi leikskólans. Dewey lagði áherslu á það, að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Vygotsky taldi nám eiga sér stað í félagslegu samhengi milli barns og einstaklings sem hefur meiri þekkingu.

Í leikskólanum er lögð áhersla á að hvert barn fái notið sín á eigin forsendum. Það fær tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og nýta sköpunarkraft sinn á fjölbreyttan hátt.

Tröllaborg er Heilsueflandi leikskóli og SMT leikskóli. Mikil áhersla er á að leikurinn fái notið sín í öllum sínum fjölbreytileika. Einnig er lögð áhersla á umhverfismennt, hreyfingu, næringu, geðrækt, félagslega færni með jákvæðni að leiðarljósi.

7.1. Leikur

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og góð námsleið fyrir börnin. Að leika sér er það sama og að læra að afla sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins er talinn leikur leikjanna.

Í gegnum leikinn fá börnin meðal annars tækifæri til að:



- skapa leikinn úr eigin hugarheimi.
- taka ákvarðanir á eigin forsendum.
 - leita lausna.
- endurspegla reynsluheim sinn.
 - einbeita sér.
- fá útrás fyrir tilfinningar sínar.
 - taka tillit til annarra.
- öðlast samkennd og vináttu.

Í Tröllaborg er lögð mikil áhersla á leikinn og er mest allt nám sem fram fer í leikskólanum fléttað inn í leikinn. Hugað er sérstaklega vel að því að börnin hafi næg tækifæri til að leika sér. Leikefni leikskólans er fjölbreytt og miðar að því að börnin fái öll notið sín eftir áhugasviðum sínum og þroska. Hvert tækifæri er notað til ýmissa hreyfileikja bæði úti og inni.

7.2. Heilsueflandi leikskóli

Haustið 2016 sóttum við um til Embættis landlæknis að gerast „heilsueflandi



leikskóli“ og vorum við tekin inn í verkefnið í byrjun nóvember 2016. Heilsueflandi leikskólum á vegum Embættis landlæknis er ætlað að styðja við markvissa vinnu að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Í Aðalnámskrá leikskóla frá

2011 eru heilbrigði og velferð einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi. Mikill samhljómur er með starfi Heilsueflandi leikskóla og grunnþættinum um heilbrigði og velferð. Heilsueflandi leikskóli mun því nýtast okkur í Tröllaborg sem gott verkfæri til að vinna markvisst að heilsueflingu og flétta hana inn í daglegt starf leikskólans.

7.3. Umhverfismennt

Við í Tröllaborg höfum alltaf lagt mikið upp úr umhverfismennt. Við höfum



fjórum sinnum sótt um Grænfánann og fengum hann síðast afhentan á vorönn 2017. Við höfum ákveðið að hvíla okkur á verkefninu sem slíku og sækjum því ekki í bráð um nýjan fána. Við munum þó halda áfram að vinna í anda

Grænfánaverkefnisins. Við leggjum áherslu á að börnin læri um nærsamfélagið, gangi vel um umhverfið og læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og öllum hennar fjölbreytileika. Útikennsla verður áfram okkar aðalsmerki.

7.4. Lestur – Lestur er börnum bestur

Haustið 2017 var gefin út lestrarstefna fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla Skagafjarðar. Slagorð lestrarstefnunnar er „Lestur er börnum bestur“. Lestrarstefnan var send inn á hvert heimili skólabarna í Skagafirði og má sjá hana í heild sinni [hér](#). Í leikskólanum Tröllaborg er unnið eftir lestrarstefnunni og lögð er mikil áhersla á bernskulæsi.

Í leikskólanum er lestrarhvetjandi umhverfi þar sem lögð er áhersla á



sjónræna meðvitund barnanna um rituð tákni með því að hafa flesta hluti í umhverfinu merkta og í þeirra augnhæð. Börn læra að þekkja orðmyndir eins og nöfnin sín.

Á báðum deildum er bókasafn sem börnin hafa aðgengi að. Bækur eru settar inn á deild og skipt

um eftir þörfum.

Starfsfólk leikskólans sækist eftir því að efla orðaforða barnanna í daglegu starfi leikskólans. Verkefni og leikir sem notaðir eru í daglegum amstri eiga að hvetja börnin til að tjá sig með orðum, læra ný orð og setningar. Starfsfólkið leggur áherslu á að vanda



málfar sitt og vera þannig góð fyrirmynd og er lesið fyrir börnin daglega. Lesturinn tengist inn í samstarfið við grunnskólann og er sérstaklega getið um það í kaflanum um samstarf skólastiganna.

7.5. Stærðfræði

Stærðfræði er mikilvægur þáttur í lífi okkar allra og leggjum við áherslu á



ýmis konar bygginga-, flokkunar- og röðunarleiki til að efla stærðfræðilega hugsun. Við notum meðal annars efnis, stærðfræðikubba sem heita numicon. Numicon er hannað með það í huga að nýta þrjá af meginstyrkleikum ungra barna. Stærðfræðilega séð er Numicon samið til að

hjálpa börnum að sjá tengslin milli talna, með því að handleika og búa til tengsl milli mynda.

Meginhugmyndin er að börn skilji og átti sig á að tölustafir eru ekki bara tákni sem eru sett niður á blað af einhverju handahófi, heldur mynda þeir mjög skipulagt kerfi þar sem alls konar mynstur koma fyrir. Kubbarnir auðvelda nemendum að sjá mynstrið í stærðfræðinni, spá fyrir um og þannig uppgötva reglur. Rökhugsun styrkist og til dæmis er hægt að færa rök fyrir talningu hluta með því raða upp í numicon mynstur. Þegar unnið er með kubba er til dæmis gott að átta sig á hvað er oddatala og hvaða tala er slétt þegar tölurnar eru handfjatlaðar sem numicon kubbur.

Þar að auki vinnur skólahópurinn verkefni úr *Sprota 1*.

Einingakubbum sem byggja á stærðfræðihugtökum er einnig gefið gott rými í leiknum. Byrjað er að kynna grunnhugtök eins og hringur, þríhyrningur og ferhyrningur og síðan er byggt ofan á þekkingu barnanna eftir því sem þau eldast og þroskast.

Í Tröllaborg fléttum við stærðfræðina inn í allt daglegt starf leikskólans. Stærðfræði fer fram í fataklefanum, söng, í skipulögðu starfi sem og í frjálsum leik. Tölustafir eru hafðir sýnilegir í umhverfi barnanna. Í

útikennslunni eru gerðar mælingar, kannanir sem eru skráðar í súluritum og verkefni tengd formum og fjölda.

Börnin eru hvött til að leysa stærðfræðiþrautir og átta sig á afstöðu hluta.

7.6. Félagsleg færni - lífsleikni

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þar sem lífsleikni er færni til að takast á við lífið sjálfst að þá höfum við í Tröllaborg



valið að flétta lífsleiknina inn í daglega

þætti leikskólastarfsins. Börnin læra

fljótt að ákveðnar reglur gilda í

leikskólanum og eru yfirleitt fljót að

tileinka sér þær. Börn hafa þörf fyrir að

spyrja spurninga, skiptast á skoðunum

og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist.

Nauðsynlegt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki. Besta leiðin til þess er að sýna þeim sjálfum virðingu.

7.7. SMT - skólafærni

Markmið SMT-skólafærni (Hafnafirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support/PBS) er að skapa gott andrúmsloft í skólum með því að veita almennan jákvæðan stuðning við hegðun nemanda og að tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Þessi nálgun byggir á



margra ára rannsóknnum sérfræðinga í Oregon í Bandaríkjunum og er framkvæmd í samráði við þá. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, umbuna nemendum fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Leikskólinn Tröllaborg útskrifaðist sem sjálfstæður SMT leikskóli í mars 2015. Til að verða sjálfstæður

SMT leikskóli þarf að uppfylla ákveðin skilyrði og er utanaðkomandi ráðgjafi sem stýrir því. Skilyrðin eru meðal annars að útbúa möppu með ýmsum upplýsingum og leiðbeiningum, búa til reglur og hengja upp á vegg. En það er ekki nóg að búa til reglurnar það þarf að kenna þær og starfsfólk verða að tileinka sér jákvæða framkomu gagnvart bæði börnum og samstarfsfólki. Þegar þessu er náð tekur starfsfólk við af ráðgjafanum og heldur sjálft utan um verkefnið.

7.8. Skapandi starf



Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

Í leikskólanum Tröllaborg fá börnin nægan tíma til að byggja upp leiki þannig að hugmyndaflug þeirra fái notið sín. Þeim gefast tækifæri til að skapa eigin heima úr öllum þeim efnivið sem leikskólinn býður uppá.

Einu sinni í viku er markvisst farið í skapandi starf tengt listum. Aðra daga fá þau nokkuð frjálsar hendur til ýmis sköpunar t.d. í formi teikninga byggingavinnu og sköpunar í leik. Starfsfólk leikskólans reynir að finna leiðir til að hvetja börnin til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.



8. Leikur og nám

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Í *Aðalnámskrá leikskóla* eru sett fram fjögur námssvið, en þau eru: Læsi og



samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Námssviðin taka mið af sex grunnþáttum menntunar og skarast öll að meira eða minna leyti og haldast í hendur við leik, daglegt líf og lífsleikni barnanna. Námssvið leikskólans eru hluti af leik barnanna og fléttast inn í allt starf leikskólans og stuðla þannig að því að allir fái notið sín á sínum eigin forsendum.

Nám í leikskóla er bæði með formlegum og óformlegum hætti. Formlega námið fer að mestu fram í hópstarfi en óformlega námið á sér stað allan daginn í leikskólanum, svo sem í gegnum leikinn og í tengslum við daglegar athafnir barnanna. Með því að hafa skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefur það leikskólastarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.



8.1. Námsáætlun

Starfsfólk leikskólans gerir námsáætlun á hverju haust sem byggir á áherslum og markmiðum leikskólans. Námsáætlunin tekur einnig mið af samsetningu barnahópsins og þörfum hvers og eins þannig að allir fái notið sín á sínum eigin forsendum. Tvenns konar námsáætlanir eru gerðar. Annars vegar námsáætlun sem fjallar almennt um nám í leikskólanum og fellur undir þáttinn daglegt starf og hins vegar áætlun sem snýr að þeim þáttum sem unnið er sérstaklega með hjá hverjum aldurshóp og unnið er mest með í hópastarfi.

8.2. Frjáls leikur

Börnin geta nánast hvenær sem er dagsins valið sér ákveðin leiksvæði eða verkefni. Þau fá tækifæri til að velja það leikefni sem höfðar til áhuga þeirra og getu hverju sinni. Með því að gefa börnum val um leikefni fá þau tækifæri til að kynnst lýðræðislegum vinnubrögðum og samskiptum. Að geta valið er mikilvægur undirstöðuþáttur í lífinu og nauðsynlegt að þau þjálf sig í því. Börnin læra að bera ábyrgð á því sem þau velja sér hverju sinni og eru hvött til að vera á því svæði sem þau velja sér í ákveðinn tíma.

Skipulag og umhverfi leikskólans hefur áhrif á leik barna. Því er sérstaklega hugað að því í Tröllaborg að börnum sé gefinn góður og samfelldur tími til að leika sér. Þannig hafa börnin tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka. Miðað er að því að skapa leikaðstæður sem bestar og fjölbreyttastar fyrir þau svo margvíslegur leikur fái notið sín. Í frjálsum leik er unnið með öll námssvið aðalnámskrár.



Markmið er að:

- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði.
- auka úthald í leik.
- auka félagsfærni og samleik.
- ýta undir hugmyndaflug barna og gefa þeim tækifæri til að prófa nýja hluti í gegnum leik.

Leiðir:

- gefa leiknum nægan og samfelldan tíma.
- börnin velja leiksvæði og efni og eru hvött til að standa við val sitt.
- bjóða upp á fjölbreytt leikefni.
- kennarar styðja við og efla jákvæð samskipti.

8.3. Umhverfismennt

Á báðum deildum er unnið markvisst með umhverfismennt með áherslu á



að allir læri á sitt nærsamfélag og læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og öllu umhverfi sínu. Við kennum börnunum t.d. að plast er mjög slæmt fyrir náttúruna og sápu efni eru ekki góð fyrir náttúruna

og þess vegna notum við bara eina bunu af sápu þegar við þvolum okkur um hendurnar.

Markmið verkefnisins er að:

- bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- efla samfélagskennd innan skólans.
- auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

Leiðir:

- fara a.m.k. einu sinni í viku í skipulagða útikennslu.
- rannsaka efniviðinn sem börnin koma með úr útikennslunni.

- flétta saman reglum í SMT og umhverfismarkmiðum t.d. vatns- og sápunotkun.
- vinna með verðlausan efnivið.
- fara í fyrirtæki sem eru í göngufæri frá leikskólanum.
- tína rusl í nágrenni leikskólans.

8.4. Heilsueflandi leikskóli

Leikskólinn Tröllaborg stefnir að bættri heilsu og vellíðan barna og starfsfólks. Það gerum við með því að huga að næringu, hreyfingu og



geðrækt allra í leikskólanum. Þannig gerum við námsumhverfi barnanna enn betra. Leitast er eftir að virkja alla til þátttöku í leikskólanum og nærumhverfinu.

Hlutverk okkar er að annast uppeldi og menntun leikskólabarna og virða einstaklinginn í hópnum, getu hans og

áhugasvið. Þættir sem stuðla að bættri heilsu og vellíðan fléttast inn í daglegt starf leikskólans.

Markimiðið er að:

- leggja áherslu á hollt mataræði.
- markvissa hreyfingu, úti og inni.
- efla sjálfsmynd barna og starfsfólks.

Leiðir

- bjóða upp á hollan og góðan mat og hvetja börnin til að smakka allt sem boðið er upp á.
- skipulagðar hreyfistundir úti og inni.
- efla börnin í að vinna sjálfstætt og saman í hóp.
- vinna með verkefni frá Barnaheillum sem heitir *Vínátta*.

8.5. Félagsleg færni – lífsleikni

Þar sem á báðum deildum eru börnin saman frá eins árs til fimm ára, þá er auðvelt að kenna börnunum að bera virðingu fyrir hvert öðru og að hver einstaklingur er frábær eins og hann er. Eldri börnin sýna yngri börnum virðingu og umhyggju og sú virðing og umhyggja helst út alla leikskólagönguna.

Eitt af viðfangsefnum er að kenna börnunum að hafa orð á tilfinningum



sínum þannig að þau læri að þekkja sinn innri mann og fái skilning á því hvernig öðrum líður. Þegar börnin sýna dyggðir, s.s. umburðarlyndi, kurteisi og hjálpssemi er þeim sérstaklega hrósað fyrir það.

Þar sem leikskólinn er SMT leikskóli er hrós mikið notað í daglegu starfi til félagslegrar styrkingar og til að draga úr neikvæðri hegðun. Börnin læra ýmsar reglur sem hjálpa þeim að eiga jákvæð samskipti við

aðra. Reglurnar eru kenndar reglulega yfir veturinn.

Markmiðið er að:

- læra að fara eftir reglum.
- eiga jákvæð samskipti.
- leysa úr ágreiningi á jákvæðan hátt.

Leiðir

- að hrósa fyrir jákvæða hegðun.
- að hjálpa börnum að tjá sig og tilfinningar sínar.
- að kenna SMT-reglur.
- sameiginleg umbun.
- gefa nægan tíma í leik þar sem reynir á ýmsar samskiptaleiðir.

8.6. Vinátta - Blær

Við vinnum með verkefnið *Vinátta* og er forvarnarverkefni gegn einelti. Verkefnið var þróað og mótað af Mary Fonden og Red Barnet

– Save the Children í Danmörku og nefnist á dönsku *Fri for mobberi*. Forvarnaverkefnið byggir á að því að eineltið sé á ábyrgð hinna fullorðnu sem umgangast börnin daglega og hafa tækifæri til þess að fyrirbyggja einelti og ber í raun skylda til þess.

Verkefnið byggir á fjórum grunngildum:

- **Umburðarlyndi:** Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og koma fram við alla af virðingu.
- **Virðing:** Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og virða mismunandi hátterni annarra.
- **Umhyggja:** Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- **Hugrekki:** Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Með verkefninu er gert ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi og þau verði samofin öllu starfi og samskiptum í leikskólasamfélaginu. Allir eru þátttakendur í verkefninu, börn, foreldrar þeirra og starfsmenn leikskólans.

Í *Vináttu* er lögð mikil áhersla á þátttöku foreldra og fylgja verkefninu



sérstök verkefni sem gert er ráð fyrir að unnin séu með foreldrum.

Í *Vináttu* kemur bangsinn Blær mikið við sögu. Hann kemur og spjallar við börnin um hin ýmsu mál sem upp koma í leikskólanum og hvernig við leysum þau með það að markmiði að bera virðingu fyrir öllu og öllum.

Þegar barn byrjar í Tröllaborg fær það gefins lítinn bangsa sem lítur út eins og Blær. Sum börn skýra bangsann sinn en önnur ekki, það er algjörlega þeirra val hvað þau gera. Bangsinn er geymdur á stað þar sem þau geta alltaf náð í hann til að leika með eða



sér til huggunar. Litli bangsinn er alltaf geymdur í leikskólanum en þegar barn hættir í leikskólanum tekur það bangsann sinn með.

8.7. Námskrá fyrir 2. ára

8.7.1 Læsi

Læsi er einn af áherslupáttum leikskólastarfsins og tengist inn á allt daglegt starf leikskólans. Börnin fara í markvissa málörvunarstund einu sinni í viku. Í markvissri málörvun er lögð áhersla á þjálfun hljóðkerfisvitundar, eflingu orðaforða og málskilnings. Ritmál er sýnilegt í leikskólanum þar sem hlutir eru merktir. Byrjað er að leggja grunn að stafa og hljóðabekkingu. Efniviður til málræktar er aðgengilegur fyrir börnin.

Markmiðið er að:

- börnin kynnist einföldum barnabókum.
- börnin kynnist einföldum barnasöngvum, vísum og þulum.
- auka orðaforða og málskilning.

Leiðir:

- farið er í einfalda leiki, hlustað á hljóð úr umhverfinu og sungið.
- lesnar eru bækur og sagðar sögur.
- áhersla er lögð á virka hlustun auk þess sem börnin eru hvött til að tjá sig.
- bókstafir sýnilegir í umhverfi barnanna.

8.7.2 Sköpun

Í listsköpun fá börnin tækifæri til þess að skapa. Þau fá að vinna á eigin forsendum með þann efnivið sem þau kjósa hverju sinni. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun.

Markmiðið er að:

- efla samhæfingu augna og handa.
- þjálfra fínhyfingar.
- kynnast ólíkum efnivið.
- börnin kynnist grunnlitunum.

Leiðir:

- börnin fá að uppgötva og kynnst efnivið eins og vatnslitum og þekjulitum.
- börnin æfa sig í að halda á skriffærum og klippa með skærum.
- börnin kynnst efnivið eins og sandi og steinum.

8.7.3 Stærðfræði**Markmiðið er að:**

- kenna börnunum að telja.
- börnin læri helstu grunnhugtök í stærðfræði.

Leiðir:

- nota hvert tækifæri sem gefst til að telja.
- hafa tölustafi sýnilega.
- vinna með kubba s.s. einingakubba, legókubba og aðra kubba sem hægt er að tengja stærðfræði.

8.8. Námskrá fyrir 3. ára**8.8.1 Læsi**

Læsi er einn af áherslupáttum leikskólastarfsins og tengist inn á allt daglegt starf leikskólans. Börnin fara í markvissa málörvunarstund a.m.k. einu sinni í viku. Í markvissri málörvun er lögð áhersla á þjálfun hljóðkerfisvitundar, eflingu orðaforða og málskilnings. Ritmál er sýnilegt í leikskólanum þar sem hlutir eru merktir. Byrjað er að leggja grunn að stafa og hljóðabekkingu. Efniviður til málræktar er aðgengilegur fyrir börnin. Í leikskólanum er opið bókasafn og geta börn og foreldrar fengið lánaðar bækur heim.

Markmiðið er að:

- efla orðaforða og auka málskilning.
- þjálfva virka hlustun.
- hvetja börnin til að tjá sig og segja frá.
- læra einfalda söngtexta, vísur og þulur.
- börnin þjálfist í að hlusta á sögur.

Leiðir:

- fara í einfalda leiki eins og að klappa atkvæði.
- hlusta á hljóð úr/í umhverfinu.
- skoða bækur.
- kennarar lesa og segja sögur.
- söngvar og vísur sungnar.

8.8.2 Sköpun

Í listsköpun fá börnin tækifæri til þess að skapa. Þau fá að vinna á eigin forsendum með þann efnivið sem þau kjósa hverju sinni. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun.

Markmiðið er að:

- læra að þekkja grunnlitina; gulan, rauðan og bláan.
- efla samhæfingu augna og handa.
- kynnist ýmiskonar efnivið.
- þjálfra fínhreyfingar.
- efla tjáningu og skynjun.

Leiðir:

- litadagar í leikskólanum.
- vinna með blýanta, liti, málningu, skæri, leir og lím.
- gerðar eru tilraunir með ólíkan efnivið.

8.8.3 Stærðfræði

Stærðfræði er fléttuð inn í allt daglegt starf leikskólans eins og t.d. í fataklefanum, söng, í skipulögðu starfi sem og í frjálsum leik. Tölustafir eru hafðir sýnilegir í umhverfi barnanna. Unnið er áfram með grunnhugtök stærðfræðinnar og bætt ofan á þá þekkingu.

Markmið er að:

- börnin læri að telja.
- kynna fyrir börnunum heiti tölustafanna.

Leiðir:

- nota hvert tækifæri sem gefst til að telja.

- hafa tölustafi sýnilega.
- vinna með kubba s.s. einingakubba, legókubba, kaplakubba og aðra kubba sem hægt er að tengja við stærðfræði.
- vinna með tölustafi úr tré, frauð eða pappa.

8.9. Námskrá fyrir 4. ára

8.9.1 Læsi

Læsi er einn af áherslupáttum leikskólastarfsins og tengist inn á allt daglegt starf leikskólans. Börnin fara í markvissa málörvunarstund einu sinni í viku. Í markvissri málörvun er lögð áhersla á þjálfun hljóðkerfisvitundar, eflingu orðaforða og málskilnings. Ritmál er sýnilegt í leikskólanum þar sem hlutir eru merktir. Byrjað er að leggja grunn að stafa og hljóðaþekkingu. Efniviður til málræktar er aðgengilegur fyrir börnin.

Markmiðið er að:

- auka máltilfinningu og málskilning.
- auka orðaforða.
- hlusta á sögur og ævintýri.
- kynna sögur og ævintýri fyrir börnunum.
- þjálfra minni, hlustun og framsögn.
- kynnast bókstöfum og hljóðum þeirra.
- börnin byrja að draga til stafs, nafn sitt og einföld orð.
- fara með þulur og vísur.

Leiðir:

- vera með verkefni úr bókunum *Markviss málörvun*, *Lubbi finnur málbein*, *Lærum og leikum með hljóðin* og ýmis verkefnablöð.
- vinna verkefni sem tengjast ritun.
- fara í leiki og verkefni sem þjálfra hljóðkerfisvitund og tjáningu.
- nota orðaleiki og leika sér með orð.
- lesa bækur og/eða segja sögur.
- hlustun og flokkun á einföldum hljóðum/stöfum og stuttum orðum.
- bókstafir kynntir og lagðir inn.

- æfa blýantsgrip.
- vinna með heiti vikudaga, mánaða og árstíða.

8.9.2 Sköpun

Í listsköpun fá börnin tækifæri til þess að skapa. Þau fá að vinna á eigin forsendum með þann efnivið sem þau kjósa hverju sinni. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun.

Markmiðið er að:

- þekkja fleiri liti en grunnlitina.
- teikna og mála.
- efla samhæfingu augna og handa.
- leika sér með form og liti.
- þjálfra fínhreyfingar.
- kynnast ólíkum efnivið.
- efla tjáningu og skynjun.

Leiðir:

- tilraunir með ólíkan efnivið.
- unnið með blýanta, liti, málningu, skæri og lím.
- unnið með efnivið eins og sand, mold, steina og fleira úr náttúrunni.
- listsköpun tengd inn á nám og vinnu í hópastarfi.

8.9.3 Stærðfræði

Stærðfræði er fléttuð inn í allt daglegt starf leikskólans eins og t.d. í fataklefanum, söng, í skipulögðu starfi sem og í frjálsum leik. Tölustafir hafðir sýnilegir í umhverfi barnanna.

Markmiðið er að:

- vinna með stærðfræði í hópastarfi.
- þekkja tölustafi frá 0-10.
- þekkja formin.
- þekkja fjölda á bak við hverja tölu á bilinu 0-10.

Leiðir:

- fara í leiki sem tengjast stærðfræði.

- vinna ýmis verkefnablöð.
- spila ýmis spil.
- vinna með kubba s.s. einingakubba, legókubba, kaplakubba og aðra kubba sem hægt er að tengja stærðfræði.
- byggja úr kubbum eftir leiðbeiningum/fyrirmynd.

8.10. Námskrá fyrir 5. ára

8.10.1 Læsi

Læsi er einn af áherslupáttum leikskólastarfsins og tengist inn á allt daglegt starf leikskólans. Börnin fara í markvissa málörvunarstund einu sinni í viku. Í markvissri málörvun er lögð áhersla á þjálfun hljóðkerfisvitundar, eflingu orðaforða og málskilnings. Ritmál er sýnilegt í leikskólanum þar sem hlutir eru merktir. Byrjað er að leggja grunn að stafa og hljóðabekkingu. Efniviður til málræktar er aðgengilegur fyrir börnin.

Markmið er að:

- auka orðaforða og þjálfu framsögn.
- auka máltilfinningu og málskilning.
- þjálfu minni, hlustun og hugsun.
- vinna með hljóðkerfisvitund.
- segja frá og tjá sig.
- kynnast bókstöfum, hljóðum þeirra og formi.
- þjálfu í vandvirkni í vinnubrögðum.
- kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum.
- fara með vísur og þulur.

Leiðir:

- vinna verkefni úr *Markvissri málörvun* og fleiri bókum sem tengjast ritun.
- vinna með stafablöð.
- kynna bókstafi og að draga til stafs.
- stafa og hljóðainnlögn.
- æfa skriftarätt/lesátt og blýantsgrip.

- fara í leiki og verkefni sem þjálfar hljóðkerfisvitund og tjáningu.
- nota orðaleiki og leika sér með orð.
- kynnast hugtökum eins og orð, setning, efsta/neðsta lína.
- frjáls aðgangur að blýöntum, blöðum, skærum, bókum og stafaspjöldum.
- hlusta á þulur, vísur og sögur, stuttar sögur, framhaldssögur og ævintýri.

8.10.2 Sköpun

Í listsköpun fá börnin tækifæri til þess að skapa. Þau fá að vinna á eigin forsendum með þann efnivið sem þau kjósa hverju sinni. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun.

Markmiðið er að:

- kynna ýmsar aðferðir til myndsköpunar.
- fá útrás fyrir tilfinningar og hugmyndaflug.
- þjálfar samhæfingu handa og augna.
- þjálfar fínhreyfingar.
- leika sér með form og liti.
- teikna og mála.

Leiðir:

- gott aðgengi að efnivið, bæði verðlausum og aðkeyptum.
- börnin fá að nota áhöld eins og skæri, blýanta, pensla, liti og ýmsar gerðir af málningu.

8.10.3 Stærðfræði

Stærðfræði er fléttuð inn í allt daglegt starf leikskólans eins og t.d. í fataklefanum, söng, í skipulögðu starfi sem og í frjálsum leik. Tölustafir hafðir sýnilegir í umhverfi barnanna.

Börnin eru hvött til að leysa stærðfræðiprautir og átta sig á afstöðu hluta. Stærðfræði er m.a. unnin í hópastarfi.

Markmiðið er að:

- læra tölustafi, bæði lesa og skrifa á bilinu 0-12.

- auka talnaskilning, hvað er bakvið hverja tölu.
- þekkja hugtök eins og stærra en, minna en og jafn mikið og þjálfarökhugsun.
- nota talnaskilninginn til að reikna saman.

Leiðir:

- tölustafir og stærðfræðihugtök eru notuð í daglegu starfi.
- leikjaforrit eru í tölvum sem tengjast stærðfræði.
- unnið með kennslubókina *Sproti 1* þar sem hvert barn á sína bók.
- unnið með rökkubba, einingakubba og verkefnablöð.
- spil og leikir sem byggja á stærðfræðihugtökum.
- leggja saman og draga frá.

9. Daglegt starf

Venjubundnar athafnir daglega lífsins í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt eftir aðstæðum. Það er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahópsins, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum.

Nám í leikskóla er bæði með formlegum og óformlegum hætti. Formlega námið fer að mestu fram í hópastarfi en óformlega námið á sér stað allan daginn í leikskólanum, svo sem í gegnum leikinn og í tengslum við daglegar athafnir barnanna. Með því að hafa skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefur það leikskólastarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

9.1. Dagskipulag Tröllaborgar



Brúsabær Hólum			Barnaborg Hofsósi	
7:45-9:00	Leikur inni		7:45-9:00	Leikur inni
8:10-9:00	Morgunmatur		8:20-8:50	Morgunmatur
9:00-10:30	Útivera		8:50-10:00	Leikur/Skipulagt starf

10:30-10:45	Ávextir		10:00-10:15	Ávextir
10:45-11:40	Hópastarf/Skipulagt starf		10:15-11:15	Útivera
11:40-12:00	Samverustund		11:15-11:30	Samvera/Söngstund
12:00-12:30	Hádegismatur		11:30-12:00	Hádegismatur
12:30-12:50	Lestur/róleg stund/hvíld		12:00-12:30	Hvíld/lestur, róleg stund
12:50-14:30	Leikur úti/inni		12:30-14:30	Leikur inni/úti
14:30-14:45	Samverustund		14:30-15:00	Nónhressing
14:45-15:00	Nónhressing		15:00-16:00	Útivera
15:00-16.00	Útivera			

9.2. Að koma og fara

Lögð er mikil áhersla á að taka vel á móti hverju barni og því sé heilsað með nafni svo þau finni að þau séu velkomin í leikskólann. Viðmótið sem börnin mæta þegar þau koma í leikskólann getur haft úrslitabýðingu varðandi góð samskipti og tengsl. Þegar börnin fara eru þau einnig kvödd með nafni. Stuðlað er að því að börnin fari sátt heim og hlakki til að koma aftur.

Markmiðið er að:

- börnin komi sátt í leikskólann.

Leiðir:

- taka hlýlega á móti börnunum.
- kveðja börnin.

9.3. Fataherbergi

Í fataherberginu fer fram mikið uppeldis- og fræðslustarf. Börnin æfa sig í að klæða sig í og úr sjálf og læra að ganga snyrtilega frá fatnaði sínum. Börnin fá þá hjálp sem þau þarfnast, einnig hjálpa þau hvort öðru. Í fataherberginu er unnið með námsþættina læsi og samskipti ásamt heilbrigði og vellíðan.



Markmið er að börnin:

- læri að þekkja hólfið sitt.

- séu fær um að klæða sig í og úr.
- læri heitin á fötunum.
- öðlist tilfinningu fyrir hvernig skal klæðast eftir veðri.
- þjálfí gróf og fínhyreyfingar.

Leiðir:

- aðstoða börnin við að klæða sig sjálf.
- ræða við börnin um veðurfar og viðeigandi klæðnað.
- gefa börnunum tíma og rými til að klæða sig sjálf.

9.4. Matmálstímar

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi. Starfsfólk matast með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði. Þar gefast



gjarnan tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna og við matarborðið gefst tækifæri til að ræða um hollustu matarins.

Börnin nota hníf og gaffal og hella sjálf í glasið sitt þegar þau hafa náð valdi á því. Börnin eru hvött til að smakka allt. Börnin ganga frá eftir sig í lok matartíma og þakka fyrir matinn. Áhersla er lögð á að matseðillinn sé fjölbreyttur og að börnin fái hollan og næringarríkan mat í samræmi við ráðleggingar mannelisráðs um mataræði og næringarefni. Í matmálstímum er unnið með alla námsþætti aðalnámskrár.

Markmiðið er að börnin:

- borði sjálf.
- borði allan algengan mat.
- segi til hvað þau vilja mikið á diskinn.
- noti hnífapör.
- temji sér góða borðsiði.
- læra um hvaðan maturinn kemur.

Leiðir:

- bjóða upp á hollan og fjölbreyttan mat.
- hvetja nemendur til að smakka allt.

- börnin nota hnífapör.
- kenna borðsiði og vera fyrirmynd.
- skapa umræður um matinn.

9.5. Hvíld

Leikskóladagurinn er langur og hvíldartímar nauðsynlegir í leikskólum til að



tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíld. Misjafnt er hversu mikla hvíld börnin þurfa í leikskólanum. Þau yngstu eru lögð í

vagnana sína eða hvílast á dýnu. Eldri börnin eiga rólega stund og lesin er saga fyrir þau. Nuddstundir eru hluti af verkefninu um *Vináttu*. Í hvíld er unnið með námsþættina heilbrigði, vellíðan, læsi og samskipti.



Markmiðið er að:

- börnin slaki á og hvílist um stund.
- yngri börnin öðlist öryggiskennd og líði vel.

Leiðir:

- þeir sem sofa inni fáí koddar, teppi og dýnu til að hvílast á.
- lestur bóka.
- róleg stund.
- Nudd stund.

9.6. Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Börnunum er hjálpað við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur á þann hátt að þau þroski með sér heilbriggt viðhorf til líkama sín og umhverfis. Börnin þvo sér um

hendur eftir útiveru, eftir klósettferðir, fyrir matmálstíma og eftir þörfum. Hreinlæti er hluti af námssviðinu heilbrigði og vellíðan.



Markmiðið er að börnin:

- læri almennar hreinlætisvenjur.
- eflist í sjálfshjálp.
- læri að halda sér hreinum og þurrum.

Leiðir:

- kenna börnunum á að þvo sér um hendur eftir klósettferðir, fyrir máltíðir, eftir útivist og eftir þörfum.
- kenna börnunum af hverju við þvolum okkur um hendurnar.
- kennarar aðstoða börnin eftir þörfum.

9.7. Umgengni við efnivið

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga vel um leikföng og annan efnivið. Það eflir vitund barnanna fyrir því að hafa snyrtilegt í kringum sig á sama tíma og þau læra um þá ábyrgð sem þau



bera á leikefninu sem þau hafa valið sér. Stuðlað er að því að börnunum sé gefinn rúmur tími til að ganga frá eftir sig því það krefst mikillar þjálfunar að læra frágang. Lögð er áhersla á að leikföng og annar efniviður sé aðgengilegur börnunum. Hér er unnið með námsþættina sjálfbærni og vísindi.

Markmið er að:

- börnin læri að ganga vel um og bera virðingu fyrir efniviðnum.

Leiðir:

- gefa nægan tíma til að taka til.
- kenna börnum að umgangast efniviðinn.

9.8. Samverustundir

Í samverustundum er sungið og rætt saman. Í þeim gefst tækifæri til samræðna sem byggja á opnum spurningum og börnin læra að færa rök fyrir máli sínu. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra. Einnig gefst gott tækifæri til að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna með því að þjálfa þau í að koma fram fyrir hópinn. Hér er unnið með öll námssviðin úr aðalnámsskránni.



Markmiðið er að:

- stuðla að alhliða námi.
- allir geti tjáð sig og hlustað á aðra.
- eiga notalega stund saman.
- læra vísur, texta og lög.

Leiðir:

- syngja, fara í leiki og ræða saman.

9.9. Hópastarf

Hópastarf er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Börn sem eru saman í hóp læra að þekkja hvert annað og treysta hvert öðru. Það er grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Í hópi jafnaldra öðlast börnin margþætta félagslega reynslu og fá tækifæri til að láta til sín taka. Hópastarf örvar þroska einstaklings, þroski einstaklings örvar starf



hópsins. Hópastarf er tvisvar til þrisvar sinnum í viku yfir vetrartímamann. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri. Misjafnt er eftir samsetningu barnahópsins hvaða aldurshópar lenda saman. Viðfangsefnin eru mismunandi og taka mið af ársskipulagi, árstíðum og almanaki. Öll námsvið



aðalnámskrár eru höfð til hliðsjónar við skipulagningu hópstarfsins. Starfsfólk notar undirbúningstíma til að skipuleggja fyrirfram hvað unnið er með í hópatímum.

Markmiðið er að:

- starfa saman í hóp með sameiginlegt markmið í huga.
- auka samskiptahæfni.
- vinna með öll námssvið Aðalnámskrár leikskóla.

Leiðir:

- vinna með málrækt.
- vinna með stærðfræði hugtök.
- vinna með listsköpun úr ýmiskonar efnivið.
- vinna með fínhreyfingar.
- stuðla að aukinni félagsfærni með samvinnu og samræðum.

9.10. Útivera

Útivera er stór þáttur í leikskólastarfinu. Öllum börnum er hollt að leika sér



úti og styrkir útivera þau og eflir. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Auk þess eykur útivera mótstöðuafli líkamans



og matarlyst. Í útivistinni fá börnin hreint og ferskt loft og mikla útrás þar sem þau geta leyft sér ærslaleiki, hróp og köll. Börnin leika sér frjálst í útiverunni auk þess sem starfsmenn bregða sér í leiki með þeim. Hreyfing veitir gleði og ánægju og í gegnum hreyfingu

læra börn. Útivera hefur jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Í útiveru er unnið með alla námsþætti aðalnámskrár.

Markmiðið er að:

- fá útrás fyrir hreyfipörfina.
- efla grófhreyfingar, styrk, þrótt og úthald.
- kynnast náttúrunni og nánasta umhverfi leikskólans.
- upplifa útiveru á jákvæðan hátt.

Leiðir:

- vera með daglega útiveru.
- fara í vettvangsferðir í næsta nágrenni leikskólans.
- fara í frjálsa og skipulagða leiki.
- val um aukna útiveru yfir sumartímann.

9.11. Útikennsla/Vettvangsferðir

Börn fá snemma áhuga á sínu nánasta umhverfi og vilja fræðast meira um það. Skoðunarferðir um nágrenni leikskólans og heimsóknir í ýmis fyrirtæki



og stofnanir vikkar áhuga þeirra og sjóndeildarhring. Börn þurfa að kynnast umferðinni og læra umferðarreglur jafnskjótt og þau hafa þroska til. Börnin

fara reglulega í útikennslu í leikskólanum, ýmist í litlum eða stórum hópum. Umhverfi leikskólans er kannað og fyrirtæki eru skoðuð svo eitthvað sé nefnt. Í útikennslunni leitast leikskólinn eftir að koma til móts við fróðleiksfýsn barnanna og gefa þeim tækifæri til að velta vöngum yfir hvernig umgangast beri náttúrulegt



og manngert umhverfi. Einnig fá þau tækifæri til að kynnast margvíslegum auðlindum náttúrunnar og samfélagsins. Markviss útikennsla er einu sinni í viku fyrir tvo elstu árganga leikskólans og unnið er með alla námsþætti aðalnámskrár.

Markmiðið er að:

- kynnast nánasta umhverfi.
- ganga vel um náttúruna.

- vekja athygli á margbreytileika náttúrunnar og njóta hennar.
- víkka sjóndeildarhringinn og æfa umferðarreglurnar.
- kenna börnunum að þekkja árstíðirnar.
- auka öryggi barnanna fyrir utan leikskólann.

Leiðir:

- skipulögð útikennsla einu sinni í viku.
- gönguferðir þar sem rætt er um umhverfið.
- Vettvangsferðir
- nýta nánasta umhverfi leikskólans til að skoða og rannsaka.
- kenna umferðarreglur.
- vinna úr því inni sem gert er úti þegar við á.

9.12. Hreyfing

Með hreyfipjálfun eflist alhliða þroski barnanna. Þau öðlast betri líkamsvitund en góð líkamlegfærni elur af sér ánægðari nemendur. Börnin í Tröllaborg fara einu sinni í viku í markvissa hreyfipjálfun. Reynt er að stuðla að fjölbreyttri hreyfingu með t.d. leikjum, þrautabrautum og dansi. Í hreyfingu vinnum við með námsþættina heilbrigði og vellíðan, læsi og samskipti ásamt sköpun og menningu.



Markmiðið er að:

- stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan og gleði.
- efla snerpu, þol, samhæfingu og jafnvægi.
- læra að þekkja og skynja líkamann.
- virða leikreglur og fara eftir fyrirmælum.

Leiðir:

- bjóða upp á skipulagða hreyfistund einu sinni í viku.
- útivera á hverjum degi.

10. Þroski og framfarir

Leikskólakennarar leggja mat sitt á almennan þroska barnanna út frá þekkingu sinni, reynslu og viðmiðum við barnahópinn hverju sinni. Búið er að útbúa sérstakt eyðublað sem leikskólakennarar fylla út eftir því sem þroski og þekking barnsins eykst.

Við leggjum einnig framburðarathugun fyrir þriggja ára börnin og er það gert sem næst afmælisdegi þeirra. Til að stuðla enn frekar að faglegri og markvissari vinnubrögðum í leikskólanum eru notaðir sex matslistar:

- *Tras*
- *Matslisti Gerd Strand*
- *Hljóm-2.*
- *Íslenski þroskalistinn* eða *Íslenski smábarnalistinn* ef grunur er um þroskafrávik barns.
- Ferilbók – Vörður á leið til læsis“.
- AAL

10.1. Tras

Málþroski er mikilvægur hluti af almennum þroska barns. Tras er skráning á málþroska barna á leikskólaaldri. Barnið er metið þegar það er rúmlega tveggja ára og síðan á hálfis árs fresti fram að fimm ára aldri. Skráningin gefur vísbendingar um hvar barn er stadd í málþroska á ákveðnum tímapunkti og hvernig málþroski þess þróast.

10.2. Gerd Strand

Matslisti eftir Gerd Strand er huglægur matslisti sem tekur yfir:

- gróf- og fínhrefingar.
- hegðun.
- mál- og tal.
- virkni.
- samskipti og þekkingu.

Könnuninni er ætlað að gefa kennurum skýrari mynd af stöðu nemenda og styrkir stöðu þeirra í samvinnu við foreldra, samkennara/samstarfsfólk og aðra sérfræðinga. Matslistinn er byggður upp með fjögurra ára „meðalnemanda“ í huga. Listinn er fylltur út fyrir öll 4 ára börn í október.

10.3. Hljóm-2

Hljóm-2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hefur ákveðið form og það skiptir ekki bara máli hvað er sagt heldur einnig hvernig það er sagt.

Hljóm-2 er lagt fyrir öll fimm ára börnin í október. Unnið er út frá niðurstöðum Hljóms-2 í málrækt á skólaárinu og þá ekki bundið eingöngu við skólahópinn heldur er farið alveg niður í tveggja ára börnin og unnið með þá þætti sem ekki komu vel út á hljómprófinu.

Með því að leggja fyrir börnin Hljóm-2 prófið er hægt að finna fyrr út hvaða börn eru líkleg til að lenda í lestrarerfiðleikum síðar. Þessi gögn fylgja svo barninu í grunnskólann og getur grunnskólinn þá strax farið að vinna með barninu.

10.4. Íslenski þroskalistinn/smábarnalistinn

Ef grunur er um einhver þroskafrávik hjá barni eru foreldrar þess beðnir um að fylla út Íslenska þroskalistann eða Smábarnalistann sem taka báðir mið af hreyfi- og málþroska barnanna. Leikskólakennari fer svo yfir listann og metur hvort frekari aðgerða sé þörf og kynnir foreldrum niðurstöðurnar.

10.5. Ferilbók – Vörður á leið til læsis

Ferilbókin – Vörður á leið til læsis er ætlað að halda utan um þróun máls og læsis barna á aldrinum eins til tíu ára. Um er að ræða skráningarkerfi þar sem leiðin til læsis er vörðuð. Ferilbókinni er einnig ætlað að halda utan um niðurstöður þeirra skimana og prófa sem nú þegar eru notuð í leik- og grunnskólum. Ferilbókin gegnir ekki einungis því hlutverki að halda utan um þróun máls og læsis heldur skapar hún einnig tækifæri til ákveðinnar

samfellu í námi barnsins, bæði innan skóla sem og milli skólastiga. Einnig er hægt að nota ferilbókina sem markmiðsetningu í þeim tilgangi að einstaklingmiða kennslu, stuðning og íhlutun til að mæta þörfum hvers og eins nemanda.

10.6. AAL

Athugunarlistinn fyrir atferli leikskólabarna (AAL) er þýddur og gefin út af leikskóladeild Akureyrarbæjar. AAL listinn er hannaður sem hjálpartæki til þess að nota þegar áhyggjur eru af einhvers konar erfiðleikum hjá barni. AAL mælitækið er hannað til að gefa skipulega og hlutlæga lýsingu á atferli barns og þannig auðvelda að barn með tilfinningaleg vandamál og hegðunarerfiðleika uppgötvist.

10.7. Stuðningur í námi

Leikskólinn er fyrir öll börn óháð andlegu og líkamlegu atgervi samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla. Því ber leikskólanum að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Samkvæmt aðalnámskrá ber að taka sérstakt tillit til barna sem eru á einhvern hátt fötluð eða með tilfinningalega eða félagslega erfiðleika. Þau börn þurfa sérstaka umönnun og þjálfun til að vega upp á móti þeirri hömlun sem fötlunin setur þeim.

Meginreglan er að stuðningurinn fari fram í hóp með öðrum börnum. Ef grunur leikur á að barn þarfnist stuðnings er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til er kallaður til sérfræðingur til frekari ráðgjafar. Allt er þetta gert í samráði við foreldra barnsins sem þurfa að gefa skriflegt samþykki áður en nokkuð er aðhafst.

Deildarstjóra er ábyrgur fyrir því að gerðar séu einstaklingsáætlanir fyrir börn sem þess þurfa, og að þeim sé fylgt eftir.

11. Samstarf við Grunnskólann austan Vatna



Samvinna við grunnskóla er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og er markmiðið að auðvelda börnunum að flytjast milli skólastiga og að nám og starf barnanna sé samfellt. Þetta bil er brúað með góðu

samstarfi við Grunnskólann austan Vatna sem hefur starfsstöðvar í sömu byggðakjörnum og Leikskólinn Tröllaborg. Kennarar á báðum skólastigum leggja metnað sinn í að hafa gott samstarf sín á milli.

Á báðum starfsstöðvum er unnið eftir starfsáætlun milli leik- og grunnskóla. Misjafnt er milli ára hvernig samstarfið er og ræðst það að miklu leiti af samsetningu barnahópanna á hvoru skólastigi fyrir sig.

Markmiðið með samstarfi milli skólastigana er að:

- skapa samfellu í skólagöngu barna frá leikskóla til grunnskóla þannig að markvisst framhald sé á kennslu og námi barnsins á milli skólastiga.
- minnka bilið á milli skólastiga og auðvelda börnum að hefja nám á nýju skólastigi.

11.1. Fimm ára börnin og grunnskólinn

Elstu börn leikskólans eru í skólahóp en í skólahóp er grunnskólagangan undirbúin. Einbeiting barnanna er þjálfuð auk þess sem þau kynnast bókstöfum og tölustöfum og vinna að ýmsum fjölbreyttum verkefnum.

Gerð hefur verið sérstök samstarfáætlun fyrir samstarf milli Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna. Samstarf við yngsta stig grunnskólans er eins milli starfsstöðva en samstarf við mið- og unglingastig er aðeins á Hofsósi þar sem aðeins er yngsta stig á Hólum. Samstarfsáætlun skólastiganna er endurskoðuð á hverju hausti og getur verið breytileg milli ára, allt eftir fjölda og samsetningu barnahópsins. Samstarfsáætlunin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans, [hér](#).

11.2. Samstarf og samvinna í námi og kennslu

Íþróttir: Elsti árgangur nemenda leikskólans fer með yngstu nemendum grunnskólans í íþróttir einu sinni í viku. Starfsmaður frá leikskólanum fylgir nemendum í íþróttatímana nema annað sé ákveðið. Íþróttakennari grunnskólans hefur umsjón með kennslunni.

Útikennsla: Einu sinni í viku er sameiginleg útikennsla hjá leik- og grunnskólanum. Kennarar frá báðum skólastigum hafa umsjón með útikennslunni.



Sögustundir: Einu sinni í viku eru sameiginlegar sögustundir hjá elsta árgangi leikskólans og yngstu árgöngum grunnskólans í umsjón

umsjónarkennara yngsta stigs í grunnskólanum.

Lestrarstundir á miðstigi: Einu sinni í viku fara nemendur á miðstigi grunnskólans inn í leikskólann á Hofsósi og sjá um lestrarstundir í hópastarfi leikskólabarnanna. Deildarstjóri leikskólans ásamt umsjónarkennurum skipuleggja lestrarstundirnar.

Leikskólalaval á unglíngastigi: Unglíngastig býður upp á leikskólalaval á unglíngastigi. Þá hafa 1-3 nemendur grunnskólans komið í tvær kennslustundir í leikskólann og fengið að kynna og tekið þátt í leikskólastarfinu. Samstarfið er í höndum umsjónarkennara og leikskólastarfsfólks.

Skólaheimsókn: Elsti árgangur leikskólans tekur þátt í starfi grunnskólans í eina viku að vori, á tímabilinu mars – apríl. Þar að auki tekur elsti árgangur leikskólans þátt í skógardeginum að vori.



11.3. Samráðsfundir við skólaskipti

Haldinn er skilafundur að vori þar sem gerð er grein fyrir stöðu hvers nemanda áður en grunnskólaganga hefst. Samkvæmt 16. grein laga um leikskóla er skylt að láta þær persónuupplýsingar sem fyrir liggja og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskóla fylgja á milli

skólastiga. Deildarstjórar fylla út sérstakt eyðublað um stöðu barnsins við skólaskil. Fundinn skal halda í maí og eru skólastjórnendur leik- og grunnskóla ábyrgir fyrir því að til fundanna sé boðað. Fundinn sitja deildarstjóri leikskólans og væntanlegur umsjónarkennari og einnig foreldrar ef þurfa þykir. Skólastjórar hafa rétt til setu á fundinum.

11.4. Sameiginlegir viðburðir

Skólarnir eru með ýmsa sameiginlega viðburði s.s. nóvemberskemmtun, litlu jólin, öskudagur og útskrift.

Gönguferð: Í september ár hvert fara elstu börn leikskólans og nemendur grunnskólans í gönguferð saman. Misjafnt er hvert farið er og er gönguferðin tveir til þrjár klukkutímar á lengd.



Haustskemmtun: Í tilefni af Degi íslenskrar tungu er haldin haustskemmtun í grunnskólanum á Hólum. Börnin í leikskólanum taka þátt með því

að sýna æft atriði; stuttan leikþátt og tvö til þrjú lög sungin.

Litlu jólin: Eftir stofujól nemenda og umsjónarkennara er sameiginleg jólamáltíð beggja skólastiga í hádeginu á Hólum. Eftir það er sameiginlegt jólaball í umsjón foreldrafélagsins. Á Hofsósi er sameiginlegt jólaball í grunnskólanum (haldið í Höfðaborg) og borðar leikskólinn jólamáltíð í leikskólanum.

Öskudagur: Skólahópur leikskólans tekur þátt í dagskrá grunnskólans. Í leikskólanum er slegið upp ball og "kötturinn sleginn úr tunnunni". Á Hólum er "kötturinn sleginn úr tunnunni" með grunnskólanum.

Danssýning: Danskennsla er í grunnskólanum tvisvar yfir veturinn og hafa foreldrar barna í leikskólanum geta keypt staka danskennslutíma fyrir sín börn. Danskennari kemur í leikskólann 3-4 sinnum í hvorri viku. Að lokinni danskennslu vetrarins er haldin danssýning þar sem nemendur leik- og grunnskóla sýna dansa sem þeir hafa lært á námskeiðinu. Foreldrar fylgja leikskólabörnum sínum á danssýninguna.

Útskrift og skólaslit: Sameiginleg útskrift nemenda í Tröllaborg og Grunnskólanum austan Vatna er í lok maí/byrjun júní. Þegar leikskólastjóri

er búin að útskrifa sína nemendur tekur umsjónarkennari yngstu nemenda grunnskólans formlega við nýju nemendunum og býður þá velkomna í grunnskólann.

12. Foreldrasamstarf

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en því er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Markmiðin með foreldrasamstarfi eru að:

- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.
- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

Það er mikilvægt að fyrstu skrefin í upphafi leikskólagöngunnar takist mjög vel því þá er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Leikskólinn gefur út foreldrahandbók og skólanámskrá til að auðvelda foreldrum að kynnst starfsemi leikskólans. Bæði skólanámskráin og foreldrahandbókin eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Hægt er að nálgast foreldrahandbókina [hér](#).



Foreldrar koma og taka þátt í ýmsum uppákomum í leikskólanum. Börnin baka piparkökur og foreldrarnir koma svo skreyta þær með börnunum. Fleira má nefna eins og nóvemberskemmtun þar sem börnin sýna leikþátt, jólaballið á Hólum er skipulagt af foreldrafélaginu, jólagjafir til barna í leikskólanum eru gefnar af foreldrafélaginu og á síðasta degi leikjanámskeiðsins sem Ungmennafélagið Hjalti heldur hefur foreldrafélagið haldið sumargleði fyrir börn á leikjanámskeiðinu og leikskólabörnin. Á

Hofsósi hefur foreldrafélagið skipulagt og haldið utan um sumarhátíðina fyrir sumarfrí.

12.1. Aðlögun nýrra barna

Aðlögun barna er í flestum tilfellum í ágúst en einnig á öðrum tímum á árinu, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Aðlögun barna er einn þáttur af uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Markmiðið er að efla öryggiskennd og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum milli fjölskyldu barnsins og leikskólans. Aðlögun tekur um eina viku og eru tímasetningar skipulagðar í samráði við foreldra.

Foreldrum er boðið að koma í óformlega heimsókn áður en aðlögun hefst til að kynna sér húsnæðið, hitta starfsfólk og ræða við deildarstjóra eða leikskólastjóra. Fyrsta dag aðlögunar eiga foreldrar samtál við deildarstjóra þar sem þeir fá upplýsingar um leikskólastarfið, heimasíðuna, Karellen, símanúmer, nöfn starfsmanna og fleira. Foreldrar fylla út eyðublað með helstu upplýsingum um barnið og skrifa undir skólasamning.

12.2. Trúnaður og tilkynningarskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagnælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskólans undirritar sérstakan þagnareid sem helst áfram þó látið sé af störfum. Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt er það tilkynnt Barnaverndapjónustu Mið-Norðurlands sbr. 13 gr. laga um málefni barna og ungmenna. Hægt er að lesa nánar um það [hér](#).

12.3. Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008 11. grein. Um foreldraráð segir í lögum:

„Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn.“ Vegna fámennis hefur Leikskólinn Tröllaborg fengið undanþágu svo einungis tveir foreldrar sitja í foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar (sbr. 2. mgr. 4. gr.) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð er vettvangur fyrir foreldra til að fylgjast náið með því starfi sem fram fer í leikskólanum, koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif. Nánar má lesa um foreldraráð leikskólans [hér](#).

12.4. Foreldrafélag

Foreldrafélög eru starfandi við leikskólann, eitt fyrir hvora deild. Verkefni foreldrafélaganna eru margvísleg og styðja við starfið í leikskólanum. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins og stendur fyrir ýmsum upþákomum. Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi foreldrafélagsins á hverju hausti og skipa þrír foreldrar stjórnina. Nánar er hægt að lesa um foreldrafélögin [hér](#).

12.5. Dagleg samskipti

Foreldrar þurfa að fylgjast með því sem helst hefur drifið á daga barnsins í leikskólanum og leikskólakennari þarf að vita um helstu atburði í lífi barnsins utan leikskólans. Mikilvægt er að foreldrar láti leikskólakennara vita ef breytingar verða á högum barnsins og fjölskyldulífi. Leikskólinn veitir foreldrum upplýsingar og fræðslu um leikskólastarfið með foreldrafundum, vikulegu fréttabréfi, í gegnum Karellen, mánaðarskipulagi og fréttum á heimasíðu ásamt upplýsingum á upplýsingatöflu.

12.6. Fjarvistir og veikindi

Tilkynna þarf um fjarvistir barnsins hvort heldur um er að ræða veikindi eða frí með því að hringja, senda tölvupóst eða í gegnum Karellen. Ef börnin vilja ekki koma í leikskólann er nauðsynlegt að láta kennara vita svo hægt sé að finna orsökina og vinna að lausn vandans.

Óski foreldrar eftir að börnin taki frí frá leikskólanum utan sumarleyfis er það heimilt en þurfa samt sem áður að greiða fullt vistunargjald.

12.7. Haustfundir með foreldrum

Haustfundir með foreldrum eru haldnir einu sinni á ári í lok september eða í október. Haustfundir eru ýmist fræðslufundir eða upplýsingafundir. Stundum er fengin inn fyrirlesari fyrir foreldra til að fræða og ræða um þroska og uppeldi ungra barna. Starfsfólk gefur einnig margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið, starf vetrarins kynnt svo og skólanámskrá leikskólans, foreldrahandbókin og aðrar áætlanir í starfsemi leikskólans eftir þörfum. Þar gefst foreldrum og starfsfólki tækifæri til að ræða saman um starfið.

12.8. Foreldraviðtöl

Deildarstjórar veita foreldrum einkasamtal tvisvar á ári eða oftari ef þurfa þykir, þar sem farið er yfir stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Foreldraviðtöl fara fram á staðnum eða í gegnum fjarfundarúnað.

12.9. Mat foreldra

Foreldrum gefst kostur á að leggja mat sitt á starfssemi leikskólans í könnun sem lögð er fyrir annað hvert ár. Niðurstöðurnar gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu. Hægt er að skoða niðurstöður kannananna [hér](#).

13. Mat á starfinu

Samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans sem og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum og foreldrum leikskólans en ytra mat af sveitarfélaginu eða Menntamálaráðuneytinu. Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Einstakir starfsmenn leikskólans geta borið sérstaka ábyrgð á matsvinnunni þ.e. skipulagningu, skýrslugerð og eftirfylgni. Það er afgerandi fyrir allt ferlið að allir starfsmenn leikskólans komi að vinnunni á einn eða annan hátt.

13.1. Innra mat

Í leikskólanum Tröllaborg er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskóla í Skagafirði í byrjun október 2017. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu en byggir á sömu hugmyndafræði.

Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á. Sjálfsmatið er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans í gagnabankanum. Hægt að kynna sér það betur [hér](#).

13.2. Skólapúlsinn

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í fyrsta skipti í leikskólanum Tröllaborg í mars 2017 og starfsmannakönnun í febrúar 2018. Allir leikskólarnir þrír í Skagafirði eru nú þátttakendur í Skólapúlsinum auk grunnskólanna í Skagafirði. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar meðal annars samanburði á viðhorfi foreldra og starfsmanna í leikskólum við aðra leikskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins, sjá [hér](#)

13.3. Ytra mat


Sveitafélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um úrbætur.

Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum.

14. Stjórnun

Skipurit Tröllaborgar.



Það er hlutverk allra þessara aðila að sjá til þess að farið sé eftir Aðalnámskrá leikskóla og lögum og reglugerðum um starfsemi leikskóla.

14.1. Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi leikskólans og ber rekstrarlega sem faglega ábyrgð á starfi leikskólans. Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og gegnir lykilhlutverki í þróun leikskólastarfsins. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að það fari fram reglulegt innra mat á starfi leikskólans og að niðurstöður séu notaðar til úrbóta í þágu starfsins. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að gefið sé út skóladagatal fyrir hvert skólaár. Samkvæmt lögum ber leikskólastjóra einnig að gera starfsáætlun sem send er til rekstraraðila þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans á komandi skólaári. Starfsáætluninni er skilað 1. október ár hvert. Í lok skólaársins er starfsáætlunin metin og skilað inn með skýrslu um sjálfsmatið.

14.2. Hlutverk staðgengils leikskólastjóra

Staðgengill leikskólastjóra er faglegur leiðtogi leikskólastarfsins. Tekur þátt í gerð ársáætlunar, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir

stjórn leiksólastjóra. Hann vinnur að jafnaði inn á deild en sé leikskólastjóri frá lengur en í 5 daga gengur hann inn i hlutverk leikskólastjóra.

14.3. Hlutverk deildarstjóra

Deildarstjóri eru faglegur leiðtogi leikskólastarfsins. Tekur þátt í gerð ársáætlunar, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra. Deildarstjóri ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins og annast daglega verkstjórn á deildinni.

14.4. Fundir

Samkvæmt ákvörðun sem tekin var í fræðslunefnd að þá mega leikskólar í Skagafirði loka tvo hálfra dag á önn, en hver og einn leikskóli ræður hvernig hann útfærir þetta. Í Tröllaborg er lokað á aðfangadag og gamlársgdag. Starfsmannafundir eru átta yfir veturinn og deildarfundir átta yfir veturinn. Þeir fundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði eftir lokun leikskólans. Á móti lokar leikskólinn þrjá daga yfir starfsárið. Reynt er að velja þá daga sem koma sem best út fyrir flesta foreldra og í samstarfi við grunnskólann. Á fundum er rætt um starfið, gert endurmat á starfinu, farið yfir áætlanir og unnið að þeim verkefnum sem liggja fyrir hverju sinni.

14.5. Boðleiðir

Leikskólastjóri kynnir sér reglulega nýjungar í starfi og miðlar þekkingu og upplýsingum til starfsmanna. Leikskólastjóri sér til þess að boðleiðir séu skýrar innan leikskólans í allar áttir. Vikulega sendir leikskólastjóri frá sér fréttabréf til starfsmanna um starfsemina framundan. Deildarstjórar senda vikuleg bréf til foreldra og starfsmanna um starfið framundan. Inn á heimasíðu leikskólans eru að finna allar upplýsingar og áætlanir er varða starfið. Inn á Karellen eru einnig upplýsingar um daglegt starf s.s. matseðla, mætingar og fleira. Samskipti við foreldra fara fram í gegnum tölvupóst, skilaboðum í Karellen og/eða skilaboð í síma.

14.6. Samstarf

Leikskólastjóri stuðlar að góðu samstarfi á milli deilda leikskólans. Starfsfólk allra deilda hittist á sameiginlegum fundum og starfsdagur deildanna er sameiginlegur. Þannig er stuðlað að faglegum umræðum á meðal starfsfólks um starfshætti leikskólans sem nýtist til áframhaldandi uppbyggingar á innra starfi leikskólans.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á góðu samstarfi við foreldra. Hann ber einnig ábyrgð á samstarfi við Grunnskóla austan Vatna þannig að það skapist góð tengsl milli skólastiga og samfella myndist í námi barnanna.

Leikskólastjórar í Skagafirði hafa einnig gott samstarf sín á milli og hittast reglulega til að ræða faglegan og rekstrarlegan grunn í starfi hvers leikskóla og leitast við að samræma starfshætti leikskólanna eins og kostur er.

14.7. Verkaskipting og ábyrgðarsvið

Starfsfólk vinnur samhent starf til árangurs, kemur sér saman um verkaskiptingu innan leikskólans og skilgreinir starfshlutverk hvers og eins.

- **Leikskólastjóri** stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, hann ber rekstrarlega sem faglega ábyrgð á starfi leikskólans.
- **Staðgengill leikskólastjóra** tekur við starfi leikskólastjóra í forföllum hans s.s. vegna veikinda eða sumarleyfa. Þegar svo ber við starfar hann samkvæmt starfslýsingu leikskólastjóra.
- **Deildarstjóri** hefur umsjón með faglegu starfi einstakrar deildar og vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Hann fylgist með velferð barnanna í samvinnu við foreldra og starfsfólk.
- **Leikskólakennari** tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra. Hann vinnur að uppeldi og menntun barnanna.
- **Leiðbeinandi** vinnur að uppeldi og menntun barnanna undir stjórn deildarstjóra og leikskólakennara.

- **Matráður** sér um matseld og býr til matseðil fyrir mánuðinn í samvinnu við leikskólastjóra. Við gerð matseðils er stuðst við ráðleggingar manneldisráðs og Lýðheilsustöðvar.
- **Starfsmaður í ræstingu** sér um öll þrif á húsnæði leikskólans og afleysingu inn á deild.

14.8. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru haldið a.m.k. einu sinni á ári. Í starfsmannasamtali eru ræddar kröfur og væntingar af beggja hálfu; leikskólans og starfsmannsins. Leikskólastjórinn hefur ákveðna umræðupunkta sem hann byggir öll starfsmannasamtöl á:

- líðan í starfi,
- árangri í starfi,
- starfsumhverfi,
- samskiptum og samvinnu,
- þróun í starfi og öðru er þurfa þykir.

Umræðupunktana afhendir leikskólastjóri starfsmanninum í síðasta lagi viku áður en samtalið fer fram þannig að starfsmaðurinn geti undirbúið sig.

15. Öryggismál

Foreldrar eiga að geta treyst því að öryggi barnanna sé tryggt af fremsta megni á meðan þau dvelja í leikskólanum. Börnin eru ávallt undir eftirliti þannig að þau hvorki skaði sjálf sig né aðra. Í stórum barnahóp er þó óhjákvæmilegt að óhöpp eða jafnvel slys verði á börnunum. Börn eru slysatryggð meðan þau eru í leikskólanum og öll slys og óhöpp skráð rafrænt í ATVIK.

15.1. Slys

Ef barn slasast í leikskólanum eru foreldrar látnir vita strax. Í bráðatilfellum er hringt í 112 eða farið með barn beint á slysideild. Fyrstu viðbrögð við slysum byggja þó á þeirri þekkingu, þjálfun og reynslu sem starfsfólk hefur

og því er nauðsynlegt að sú þekking sé góð. Öll slys eru skráð rafrænt í ATVIK.

15.2. Áfallahjálp

Börn geta fengið andlegt áfall af ýmsum orsökum, s.s. vegna ástvinamissis, breytinga á fjölskylduaðstæðum eða vegna sjúkdóma og slysa. Einnig geta börn átt erfitt ef besti vinurinn flytur burt og ganga þá jafnvel í gegnum sorgarferli. Það er því mjög mikilvægt að starfsfólk fái vitneskju um hvað gerst hafi í lífi barnsins svo þeir geti brugðist rétt við og veitt barninu þann stuðning sem það þarf á að halda. Leikskólastjóri veitir leiðsögn um hvernig starfsfólk skal bregðast við og aðstoða barnið við að vinna sig út úr áfallinu. Unnið er eftir áfallaáætlun leikskólans, sjá [hér](#).

15.3. Brunavarnir

Nauðsynlegt er að gott samstarf sé við eldvarnareftirlitið og slökkvilið um brunavarnir í leikskólanum. Leikskólinn á rýmingaráætlun fyrir hverja deild ef eldur kemur upp og er æfing að lágmarki einu sinni á ári. Rýmingaráætlun er uppfærð a.m.k. einu sinni á ári. Allt starfsfólk er meðvitaðir um mikilvægi þess að ef eldur kemur upp er forgangsatriði að koma börnunum út úr húsi og á öruggan stað.

Starfsfólk er frætt um neyðarútgönguleiðir, staðsetningu slökkvitækja og notkun þeirra a.m.k. árlega.

15.4. Eftirlit með öryggisþáttum

Allur búnaður og húsnæði er skoðað af starfsfólki sveitarfélagsins á hverju ári og úrbætur eru gerðar. Lóð leikskólans er skoðuð árlega af fagaðilum. Leikskólalóð er ætíð yfirfarin áður en börnin fara í útiveru.

15.5. Öryggi barna í bíl

Samkvæmt 71. grein umferðalaga eiga öll börn að vera með réttan öryggisbúnað í bíl, s.s. barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan

öryggis- og verndarbúnað ásamt öryggisbelti. Í sömu lagagrein kemur einnig fram að börn undir 150 cm á hæð mega ekki vera farþegar í framsæti ef þar er uppblásanlegur öryggispúði. Samkvæmt umferðarlögum og reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum, er meginreglan sú að börn lægri en 135 cm skuli nota viðurkenndan öryggis- og verndarbúnað í samræmi við þyngd þess. Fyrir börn þriggja ára og eldri er hópbifreið (rútu) þó leyfilegt að nota þann öryggis- og verndarbúnað fyrir börnin sem til staðar er í bifreiðinni (bílbelti). Í sumum rútum eru einungis tveggja punkta belti og þá má einungis festa barnabílstól sem er gerður fyrir tveggja punkta belti. Athugið að aldrei má festa öryggisbúnað í tveggja punkta belti ef hann er eingöngu gerður fyrir þriggja punkta belti því það skapar falskt öryggi. Barn sem notar sessu með eða án baks á ekki að nota sessu ef rútan er einungis með tveggja punkta belti. Hætta er þá á að barnið kastist upp úr beltinu ef rútan lendir í árekstri eða veltu. Öruggara er að barnið noti einungis tveggja punkta beltið.

Í rútum sem eru með þriggja punkta belti á að festa barnið á sama hátt og það er fest í fjölskyldubílinn.

Í bílferðum á vegum sveitarfélagsins eru börnin tryggð gegn óhöppum.

15.6. Öryggisáætlanir Tröllaborgar

Í leikskólann Tröllaborg eru gerðar ýmsar öryggisáætlanir sem eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Flensufaraldur sjá [hér](#).

Jafnréttisáætlun sjá [hér](#).

Eineltisáætlun sjá [hér](#).

Óveðursáætlun sjá [hér](#).

Móttaka nýbúa sjá [hér](#).

Áfallaáætlun sjá [hér](#).

Viðbrögð við jarðskjálft sjá [hér](#).

Áætlun vegna mengunar sjá [hér](#).

Rýmingaráætlanir, Hofsós sjá [hér](#), Hólar sjá [hér](#).